

Ályktun um gerð svæðisskipulags

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Patreksfirði 8.-10. september 2022 beinir þeim tilmælum til stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga að láta hefja vinnu við gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði hið fyrsta. Svæðisskipulagið marki meginstefnu og langtímaframtíðarsýn í umhverfis- og byggðamálum Vestfjarða þar sem hagsmunir sveitarfélaganna fari saman til að stuðla að uppbyggingu Vestfjarða sem landfræðilegri, hagrænni og félagslegri heild sem styrkir byggðaðróun á Vestfjörðum til framtíðar.

Flutningsmenn: Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhreppi, Jóhann Birkir Helgason, Ísafjarðarbæ, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbæ.